

Skólaping FG

3. desember 2024

Hvaða þrjú orð lýsa FG best?

Fjölbreyttur, skemmtilegur og...

Hvaða þrjú orð lýsa FG best?

*hve margir hópar völdu

Fjölbreyttur (50) *

Skemmtilegur (28)*

Einstakur

Nýlegur

Stemming

Tillitsamur

Menntun

Metnaður

Hraður

Til fyrirmyndar

Listrænn

Frjálsslyndur

Athafnaríkur

Þægilegur

Félagslíf

Æði

Lítill

Frelsi

Gott nám

Þriggja anna kerfi

Opinn

Hvaða þrjú orð lýsa FG best?

Efnilegur

Upplifun

Samvinna

Garðabær

Hress

Flottur

Áhugaverður

Vinnufriður

Ábyrgð

Matsalur

Æðislegur

Virðing

Vistvænn

Huggulegur

Kennsla

Snobbaður

Gleði

Krefjandi

Vinátta

Hvað er skemmtilegast við FG?

Félagslífið, þriggja anna kerfið og áhugavert nám

Hvað er skemmtilegast við FG?

*hve margir hópar völdu

Félagslífið (60)*

Fríin

Þriggja anna kerfið (29)*

Pásur

Fjölbreytt nám (16)*

Klakavélin

Kennararnir (12)*

Frelsið

Fólkið (8)*

Staðsetning

Smiðjur (4)*

Imbrudagar

Leikfélagið

Hvað er erfiðast við FG?

Námið, bílastæðin og stigarnir

Hvað er erfiðast við FG?

*hve margir hópar völdu

Námið (57)*

Bílastæði (9)*

Stigarnir (6)*

Þriggja anna kerfið (4)*

Kennararnir (3)*

Mæta 8:10 (3)*

Langir tímar (3)*

Maturinn

Lætin

Strákarnir

Klíkuskapur

Fordómar

Fá baðherbergi

Mæting

Inspera

Álagið

Prófin öll á sama tíma

Engir orkudrykkir

**Finnast þér opnir fundir sem
haldnir eru í skólanum tvisvar
á ári skipta máli? Hvað er gott
við þá og hvað mætti bæta?**

Nemendur fá að tjá sig og allir fá rödd.

Finnast þér opnir fundir sem haldnir eru í skólanum tvisvar á ári skipta máli?

Allir hópar segja svo vera nema fjórir

Hvað er gott við opnu fundina?

Nemendur fá að tjá sig og allir fá rödd.

Þeir skipta máli ef það er eitthvað vandamál þá þarf að leysa það.

Mikið af upplýsingum sem koma fram á þeim sem er gott að fá að vita.

Okkur finnst fundirnir skipta máli vegna þess að það er góð leið fyrir fólk að tjá sig.

Gott að gefa nemendum séns á að tala við nemendaráðið og stjórnendur.

Gott að maður getur spurt starfsmenn og nemendur góðra spurningar sem skipta máli í opnu umhverfi.

Geggjað, gott að fá að vita hvað er í gangi framundan.

Hjálpar öllum að fylgjast með hvað er í gangi.

Skemmtilegt að sjá hvað allir hafa að segja.

Okkur finnst það mjög gott, fullkominn tími til að auglýsa félagslífið og nemendur fá að tjá sig.

Hvað er gott við opnu fundina?

Já vegna þess að þeir fá nemendur til þess að tjá sig.

Það sem er gott við þá er þeir hjálpa nemendum að skilja skólarið og kynnast félagslífinu, nemendur geta spurt spurninga og t.d. hjálpa fundirnir busum að kynnast skólanum.

Já vegna þess að þeir fá nemendur til þess að tjá sig.

Finnst þeir mjög fyndir, gaman að sjá nemendur ræða við kennara.

Gott að vita hvað er framundan og hvað er að gerast.

Hvað mætti bæta á opnu fundunum?

Skemmtilegri.

Lengri.

Það mættu fleiri spyrja spurninga.

Þarf mögulega að auglýsa þá betur.

Ætti ekki að vera skyldumæting.

Þarf bara að vera 1x.

Ættu að vera þrisvar á ári.

Mætti bæta við “anonymous” spurningum.

Það væri hægt að hafa spurningalink þar sem við sendum inn spurningar og það verður svarað þeim á fundinum í staðin fyrir að spyrja fyrir framan alla.

Bæta við nafnlausum spurningum, þá getum við tjáð okkur betur. Gott að við getum tjáð okkur við einhvern stjórnenda.

Mætti vera í tímum því það þarf alvöru kjark til að geta talað fyrir framan alla.

Mætti vera meira undirbúin fyrir fundina (sérstaklega hjá kennurum).

Of mikil dagskrá fyrir að vera opinn fundur.

Hvað mætti bæta á opnu fundunum?

Mætti bæta það að gera þetta skemmtilegra fyrir nemendur að fylgjast með.

Skipuleggja þá betur. Hafa þetta oftar.

Mætti vera styttri og skipulagðari, leyfa nefndum að tala meira en skólastjórnendum.

**Hvernig fannst þér
skólinn taka á móti þér
þegar þú varst nýnemi?
Hvað var vel gert? Er
eitthvað sem hægt er að
gera betur?**

*Okkur fannst við vera velkominn inn í skólann.
Fyrstu vikuna þá var fullt af hlutum til að hrista
hópinn saman.*

Hvernig fannst þér skólinn taka á móti þér þegar þú varst nýnemi?

Yfirgnæfandi meirihluti segir að skólinn hafi tekið vel á móti nýnemum.

Það var tekið vel á móti okkur sem nýnemum, það var talað við okkur og látið okkur líða eins og við ættum heima þar.

Stjórnendur, námsráðgjafar og kennarar tóku vel á móti. Okkur fannst hlutir vel útskýrðir.

Það var tekið vel á móti okkur og það var útskýrt hvernig kerfið virkaði og hvernig næstu ár myndu ganga.

Hvað var vel gert?

Okkur finnst hraðtaflan góð til að venjast skólanum.

Nýnemaferðin var fín.

Geggjað var að geta farið í nýnemaferð og kynnast árganginum.

Vel gert hvernig við vorum sett í hópa til þess að kynnast nýju fólki.

Það sem var vel gert var að það var búin til góð stemning fyrir busa. Góðir leikir haldnir til að busarnir geti kynnst betur.

Námsráðgjafarnir hjálpuðu mikið.

Busaferðin var æði og ævintýraleg.

Nýnemaferðin sem skapaði mörg ný vinasambönd.

Okkur fannst við vera velkominn inn í skólann. Fyrstu vikuna þá var fullt af hlutum til að hrista hópinn saman.

Okkur fannst skólinn taka mjög vel á móti okkur þegar við komum í skólann, það var vel haldið utan um okkur og stuðlað að því að við myndum kynnast fólki með hópefli og busaferðinni.

Er eitthvað sem hægt er að gera betur?

Busaferðin mætti hafa verið lengri.

Mátt vera betri nýnemavika.

Skólinn tók vel á móti manni en félagslífið var ekki best, en hefur bæst yfir árin.

Mætti bæta við betri leikjum á busadag fyrir busana.

Fræða meira um áfanga sem maður er í.

Mætti bæta hroka frá eldri nemendum í nefndum sérstaklega.

Má lækka verðið á öllu.

Ákveðnir umsjónarkennarar mættu gera betur.

Okkur fannst aðeins of niðurlægjandi upplegg fyrir busana okkar.

Í lífsleikni mætti vera tölvukennsla (kenna á kerfið t.d. Innu og Office).

Það á að byrja busa aftur (gróft).

Mætti hafa kannski fleiri nýnemaviðburði til að blanda öllum saman.

Að hafa meiri aðlögun frá grunnskóla upp í menntaskóla, byrjunin ansi brött fyrir nýnema.

Er eitthvað sem hægt er að gera betur?

Skýra námsferilinn betur út, gera það skýrara að maður þurfi að skipuleggja annirnar sínar.

Hraðtafla hefði mátt verið útskýrð betur í pósti (t.d. stokkar voru mjög óskýrir).

Mismunandi reynsla af því hvernig okkur var hleypt inn í félagslífið.

Það hefði mátt vera betri kennsla á hvernig Office aðgangur og inna virkar.

Það mætti útskýra betur hvernig skólakerfið virkar og hvað er mikilvægt að vita eins og með að skila inn ípróttablaði.

**Hvernig fannst þér eldri
nemendur skólans taka á móti
þér þegar þú varst nýnemi?
Hvað var jákvætt? Hvað hefði
mátt vera öðruvísi?**

*Nemandafélag tók vel á móti nýnemum og þeim
sem voru að koma aftur í skólann, góð hrós,
skemmtileg og góð framkoma.*

Hvernig fannst þér eldri nemendur skólans taka á móti þér þegar þú varst nýnemi? Hvað var jákvætt?

Allir tóku vel á móti okkur.

Flestir tóku vel á móti okkur, voru samt ekkert að tala við okkur og það var bara fínt.

Mjög vel.

Okkur fannst eldri nemendur taka vel á móti okkur, þældum ekki mikið í því. Allir opnir að kynnast fólki, ekkert hefði mátt vera öðruvísi.

Þeir tóku vel á móti okkur. Þeir sem við töluðum við voru jákvæðir.

Allir bara mjög næs, og við höldum að allir séu bara að reyna klár sitt.

Það var bara fínt, í raun og veru ekkert vesen. Þeir voru alveg að hanga með okkur í pásam og svoleiðis.

Nemendafélagið tók vel á móti okkur, en eldri nemendur voru ekkert að reyna sérstaklega að gera það.

Nemandafélag tók vel á móti nýnemum og þeim sem voru að koma aftur í skólann, góð hrös, skemmtileg og góð framkoma.

Hvað mætti gera betur?

Já en það var soldið niðurlægjandi þegar krakkar báðu mann um að gelta og jarma.

Við fengum nokkrar brókanir.

Enginn samskipti við eldri nemendur.

Tala við okkur.

Hljári.

Það var bara horft fram hjá manni, engin sérstök samskipti.

Illla tekið mótið manni í skólanum.

Fannst þau bara vera geggjuð en að leika geit í viðtölum var ekki ideal, alltaf auðvelt að tala við eldri nemendur hafa ekki fordóma bara af því við erum yngri.

Tóku vel á móti manni en það mætti hafa meira hópefli sem allir nemendur skólans taka þátt í.

Að okkar mati töluðu fæstir eldri nemendur við okkur þegar við komum í skólann fyrir utan stjórnarmeðlimir. Það mætti bæta það með að gera fleiri viðburði svo eldri og yngri komi meira saman.

Þau mættu vera meira í því að láta nýnemum líða fullkomlega við komu.

Hvað mætti gera betur?

Við viljum fleiri viðburði sem blanda aldurshópum saman. Hugmynd: Íþróttavika sem 3. árs nemi fær 1. árs nema og þau keppa saman í vikunni og í lok vikunnar verða úrslit. Lætur nemendur kynnast fleirum.

Það var vel tekið á móti okkur. Allir mjög góðir og kurteisir. Það sem mátti vera öðruvísi er að 3. bekkur ætti að taka 1. bekk og gera eitthvað skemmtilegt með þeim eins og bíó eða keila og þannig kynnist maður betur.

Vera meira nice.

Eldri nemendur voru duglegir að neyða busa úr þægindarammanum, gera lítið úr þeim. En þau voru líka hjálpsöm ef maður var villtur og tilbúin að hjálpa til.

Þau hefðu mátt vera kurteisari, að það var ekki busavíxlað okkur.

Það sem að hefði mátt fara betur er kannski bara hafa meira hópefli fyrir nemendur að kynnast enn meira.

**Hvernig fannst þér
nýnemaferðin þín heppnast?
Skipta slíkar ferðir máli? Er
hægt að bæta þær?**

*Nýnemaferðin var mikilvæg, við kynntumst fullt að
krökkum sem eru vinir okkar í dag.*

Hvernig fannst þér nýnemaferðin þín heppnast? Skipta slíkar ferðir máli?

Allir nema tveir hópar segja að ferðin hafi heppnast vel.

Ferðirnar skipta miklu máli fyrir nýja félagslíf nemanda.

Nýnemaferðin var mikilvæg, við kynntumst fullt að krökkum sem eru vinir okkar í dag.

Fólk kynntist betur og það er gott að hafa svona ferðir.

Þær skipta máli þar sem það gerði það auðveldara fyrir fólk að kynnst og eignast vini.

Allir sammála því að þessar ferðir skipta mjög miklu máli.

Já, mjög skemmtilegar og maður fékk að kynnst hver öðrum mun betur í öðruvísi umhverfi og var því auðveldar að mæta í skólann.

Slíkar ferðir skipta miklu máli upp á að kynnst árganginum. Ferðin var ógleymanleg.

Hún var skemmtileg, heppnaðist vel. Okkur finnst ferðirnar skipta gríðarlega miklu máli, þar myndast vinahópar og krakkarnir kynnst betur.

Bonda við aðra sem maður myndi venjulega ekki tala við.

Góð ferð. Skiptir miklu máli að þjappa hópnum saman strax.

Hvernig fannst þér nýnemaferðin þín heppnast? Skipta slíkar ferðir máli?

Hún heppnaðist mjög vel og skiptir hún máli til að skapa tengsl og samveru.

Þær skipta máli út af að gera suma vandræðalega hluti brýtur ísinn og maður kynnst öðrum krökkum vel.

Gekk vel og hún skiptir máli vegna þess að dregur fólk saman og kynnast öðru.

Mikilvæg til þess að jafnaldrar kynnast.

Mjög skemmtileg, kynntumst fólki og höfðum gaman. Okkur finnst þær skipta miklu máli fyrir nýnemana til þess að hafa gaman og kynnast fleiru fólki.

Það var hægt að kynnast nýju fólki betur.

Hvað mætti bæta?

Það þarf fleiri ferðir.

Okkur finnst að hún mætti vera lengri.

Það væri hægt að bæta þær með því að hafa meira á dagskrá.

Mætti grilla hamborgarana betur.

Meira frjálsan tíma úti um kvöldin.

Breyta í tveggja daga ferð.

Hefði átt ekki banna krökkunum að fara út eftir tvö.

Nýnemaferðin hefði mátt heppnast betur, hefði mátt fara víðar, gera meira, meira frelsi fyrir nýnema.

Hún var ekkert spes. Gistum öll í einum stórum sal og vorum úti í rassgati. Mæting, pulsar, ratleikur, sofa.

Hún var góð en hefði átt hugsa meira út í skipulagið á ferðinni. Það væri líka gott að láta alla tala meira við hvort annað.

Frekar boring, leiðinleg staðsetning (Vatnaskógur)

Mætti vera mikið fyrr.

Hvað mætti bæta?

Stærri svefnrými.

Mætti bæta, gistingaraðstöðuna í Vatnaskógi.

Nýnemaferðin mætti vera fyrr heldur en seinna á önninni.

Hefði verið betur að ekki láta okkur vera með bekknum svo mikið

Gætu bætt staðsetningu.

Mætti hafa þannig í busaferðinni að allir fá að taka meiri þátt.

Hefði mátt gera meira til að auka félagslíf fyrir svo fleiri hefðu mætt sem höfðu ekki kynnst neinum fyrir ferðina.

Hefði alveg verið skemmtilegra að fara á annan stað.

**Fannst þér
nýnemanámskeiðið
gagnlegt? Hvað kom mest
að gagni? Hvaða fannst
ykkur vanta?**

*Nýnemanámskeiðið er mikilvægt og mjög gagnlegt,
við lærðum mikið þar sem við hefðum ekki geta lært
ein heima.*

Fannst þér nýnemanámskeiðið gagnlegt? Hvað kom mest að gagni?

Mjög gagnlegt.

Nýnemanámskeiðin voru fín

Já okkur fannst það hjálpa að koma upp öllu sem þarf.

Gott að geta lært á þetta og ekki vera hent út í djúpu laugina strax.

Nýnemanámskeiðið er mikilvægt og mjög gagnlegt, við lærðum mikið þar sem við hefðum ekki geta lært ein heima.

Okkur fannst það mjög gagnlegt, gott að setja þetta upp fyrir fram svo enginn lendi í vandræðum með það seinna.

Hjálpðu okkur með að læra á tölvurnar.

Það var dálítið langt.

Það sem kom mest í gagni var tölvurnar.

Já, vegna þess að þetta er mjög gagnlegt fyrir nýnema og eykur tölvukunnáttu þeirra þar sem mest megnið af náminu er í tölvu og er jafnvel frekar öðruvísi en í grunnskólum.

Fannst þér nýnemanámskeiðið gagnlegt? Hvað kom mest að gagni?

Já það er mikilvægt svo auðvelt sé að nota officed og slíkt sem er nauðsyn í námi hér í FG.

Það var gagnlegt til að kynnast bekknum sínum. Gott að hafa gaman og kynnast nemendum og kennurum áður en námið byrjaði.

Okkur finnst nýnemanámskeiðið sniðugt og metnaðarfullt.

Það var gaman. Það var gott að geta hitt kennarana og nemendurna áður en skólinn byrjaði.

Það var frábært og gagnlegt.

Mjög sniðugt. Fullt af dóti sem við lærðum. Vorum voða sátt með námskeið. Okkur fannst þetta hjálplegt en of langt.

Hvaða fannst ykkur vanta?

Læra á innu og inspera.

Mætti bæta við AI námskeiði.

Mjög gagnlegt en mætti kenna manni meira á öppin ef þarf.

Meira starfsfólk á námskeiði.

Námskeiðið mátti vera lengra.

Námskeiðið ekki gagnlegt. Upplýsingar voru óljósar og ekki var nógu góð kennsla á Innu og OneDrive.

Það sem vantar eru lærðir tæknimenn og þolinmæði fyrir nemendum.

**Hvaða þema eigum við
að hafa næstu
Imbrudaga?**

Hvaða þema eigum við að hafa næstu Imbrudaga?

Hawaii.

Geimþema.

Kúreka/Kantrí.

Tónlistarmannþema.

Eitthvað félagslegra heldur enn var á seinasta ári.

Fótboltþema.

Einhver áratugur (1980).

Hinsegin dagur.

Tónlistartímabil.

Víkingþema.

Lita þema eins og að vera í skóla litunum og skipta um lit hvern dag.

Hippies þema.

Minna af fyrirlestrum, meira af skemmtilegum hlutum sem að nemendur hafa áhuga, eins og að spila o.fl.

Íþróttir.

Hafa fyrirlestra um allskonar sem hagnast nemendum í lífinu.

Sjóræningjaþema Í takt við söngleikinn.

Fantasíu þema.

Ofurhetjur.

Rómaveldi.

Skíðþema.

**Hvernig er hægt að fá
nemendur til að ganga
betur um skólann?**

Hvernig er hægt að fá nemendur til að ganga betur um skólann?

Gera eins og er stundum gert í svona social experiments þar sem foreldrar hætta að sjá um heimilið til að fá börnin til að sjá að þau þurfa einnig að gera eitthvað. Prófa að ekki taka til á borðunum í matasalnum til dæmis. Sjá hvað krökkum finnst þegar það er engin að taka til eftir þau.

Verðlauna nemendur.

Borga fólki.

Öryggisverðir.

Verðlauna okkur fyrir það með því að fá eitthvað nýtt í skólann.

Hægt er að bæta við ruslatunnum og tekið harðara á þegar fólk skilur rusl eftir.

Setja ruslatunnur inn í stofuna, sekta bíla á bílastæði ef svo þarf, verðlauna fyrir góða umgengni.

Setja upp skilti og hafa einhverjar afleiðingar þegar fólk gengur illa um.

Hafa betri myndavélar alls staðar og hafa einhverja refsun fyrir vondan eða lélegan frágang.

Setja markmið og fá verðlaun ef því er náð.

Hvetja nemendur í að flokka til að fá verðlaun, fá sjálfsala sem er lokaður þar til við náum markmiðinu.

Góð spurning, þetta er í raun bara leti frá nemendum höldum við. Það er nóg af ruslatunnum og svoleiðis allt í kring.

Hafa fleiri fötur undir skítugt leirtau, fleiri ruslatunnur, kynna betur hvernig verðlaunin virka fyrir flokkunina og hvað nemendur fá úr því.

Áróðursplaköt og kynningar í tíma.

Hafa körfuboltakörfur fyrir ofan ruslatunnurnar svo fólk setji ofan í.

**Hvernig getum við lagað
ástandið á bílplaninu?**

Hvernig getum við lagað ástandið á bílplaninu?

Sektað krakka sem leggja ólöglega og gefa þeim viðvörun.

Stækka bílastæðin.

Labba í skólann.

Hafa kennara úti á þeim tíma sem fólk er að leggja ca. 07:40 til 08:20 og passa að enginn leggur illa eða ólöglega.

Opna það meira og fjölga leiðum til að komast inn á bílplanið.

Stækka það!!!, betra aðgengi, búa til facebook og setja inn myndir af fólkum sem lagði illa.

Einfaldlega bara standa við þær hótanir sem hafa verið gerðar og draga þá bíla sem lagðir eru ólöglega.

Hafa innanhúsa kerfi þar sem fólk fær refsipunkta fyrir leggja eins og fávitar. t.d. ekki forgangslista fyrir böll.

Redda fríu strætókorti til þess að nemendur vilji taka strætó.

Búa til pláss með því að rífa niður hjólaskýli. Hægt væri að færa það annað.

**Hvernig finnast þér
viðburðir á þessu ári
sem NFFG hefur séð
um?**

Hvernig finnast þér viðburðir á þessu ári sem NFFG hefur séð um?

Skemmtilegir (75)

Sæmilegir (4)

Lélegir (2)

**Hvað er vel gert og hvað
mætti gera betra?**

Allt geggjað.

Hvað er vel gert?

Allt er vel gert.

Busavikan var mjög skemmtileg.

Allt mjög vel gert.

Allt geggjað.

Búin að vera mjög virk.

Það sem er vel gert FG - Flens var fínt og mikið að gerast.

Viðburðirnir eru skemmtilegir.

Nefndirnar eru frábærar - Allt mjög gott .

Hvað mætti gera betra?

Böllin mættu vera fjölbreyttari. Flottari þemu og betri tónlistalineup. Geggjað að fá daniil og aron can og þá. Meira verið að dansa og eitthvað ekki bara standa eða hoppa.

Auglýsa betur.

Okkur finnst að það mega vera fleiri viðburðir.

Reyna að fá fleiri til þess að taka þátt í viðburðum.

Skemmtóvikan hefði mátt bæta.

Meira nammi, fleiri viðburðir, fá Pál óskar á ball, hafa miða á böll ódýrari, ráða þekktari artista á a.k.a betra line up.

Hafa böll aðeins meira spennandi.

Þarf að bæta með skólapeysur, léleg kynning á linuppi, ekkert að gerast í íþró, lélegir kvöldviðburðir.

Mætti gera kosningu um artista á böllin.

Meiri hvatning fyrir nemendur að taka þátt í viðburðum.

Fleiri viðburðir sem eru ekki böll.

Markaðsetja betur og reyna að fá fólk til að mæta.

Auglýsa betur og spyrja nemendur meira hvað þau vilja fá.

Hvað mætti gera betra?

Rollan mætti gera betri video og ekki hafa útlendingahatur í lögunum sínum, eins og var í seinasta salsa laginu. Árshátíðarmyndbandið hjá rollunni mætti vera styttra.

Auglýsa vel viðburði en gætu haft viðburði ódýrari og fleiri viðburði.

Búa til meiri stemmingu fyrir salsa og mætti vera stærri salsavika. Annars standa nefndirnar sig vel í að gera félagslífið skemmtilegt.

Lélegt lineup á salsa, hlusta á nemendur, meira frítt stuff.

Miðasölur eru skemmtilegar, mætti lækka verð á miðum.

Mætti peppa skólann aðeins meira.

Mætti gera betri söngvarar fyrir bölinn.

Það er ekki mikil stemming fyrir neinu og er það á stjórninni að halda upp stemmingu.

Við teljum að þeir séu ekki búnir að vera að gera mikið. Frekar slöpp í að halda eitthvað þar sem þau voru kosin til þess að gera eitthvað skemmtilegt.

Hvernig getum við gert FG að betri skóla?

Við gætum gengið betur um skólann, halda áfram að vera opin og með gott félagslíf og muna að vera góð við alla.

Hvernig getum við gert FG að betri skóla?

Setja meiri pening í félagslífið.

Fleiri frí.

Byrja að selja Nocco og Collab.

Hlusta á skoðanir nemanda.

Mjólkurvél. Lækka verðið á mötuneytinu.

Okkur finnst að það mættu vera fleiri frídagar og mæting breytist í 8:30 í stað fyrir 8:10.

Bæta við fleiri sófum.

Betra félagslíf.

Dreifa námi og prófum betur.

Rúllustigar, betri loft gæði.

Bókasafnið opið lengur til að geta hist eftir skóla til að læra hópverkefni.

Mála Urðarbrunn upp á nýtt.

Poolborð.

Taka inn lokapróf aftur.

Lækka mætingarkröfurnar, breyta stundatöflur t.d. byrja á mánudögum klukkan 8.30-

Hvernig getum við gert FG að betri skóla?

Hann er nú þegar frábær, þarf ekki að bæta neitt.

Við gætum gengið betur um skólann, halda áfram að vera opin og með gott félagslíf og muna að vera góð við alla.

Stækka bílastæðið.

Íþróttáfrekssvið.

Meira hópefli, fleiri glös í matsalinn, skólinn gefur leikfélaginu meiri pening.

Fleiri námsmatsdagar, sérstaklega að jólum.

Eftir stóra viðburði má sleppa alveg fyrsta tíma.

Bæta aðstöðuna í matsalnum, allt of löng röð, fjölbreyttari mat, næringaríkari mat, betri uppsetningu fyrir félagslífið. Held að það væri meira um að vera ef að uppsetningin væri betri. Fá vending machine.

Það væri næs að þau sem eru lesblind og með námsörðuleika gætu fengið meiri sveigjanleika og aðstoð. Svo væri gott að geta skráð sig veikan þótt það sé eftir tólf, ef maður fer veikur heim.

Hvernig getum við gert FG að betri skóla?

Meira úrval í sjoppu. Má auka úrvalið og laga sófa.

Minnka verð á mat.

Fleiri innstungur.

Laga lummuvandamálið.

Minni heimavinnu.

Minnka námsefnið í sumum fögum.

Fleiri klósett.

Fleiri "samverustundir" með öllum. Það væri líka geggjað að blanda brautum saman eins og að markaðsbraut komi í leiklistatíma eða eitthvað svoleiðis.

Okkur finnst einnig betra ef við mættum fara inn á bókasafn með mat og drykki.

Hafa viðburði sem skólinn sjálfur heldur, senda E-Mail á nemendur um þá og annað slíkt. Gera Facebook hóp með ÖLLUM nemendum skólans þar sem hægt er að nefna allt það sem fólk vill koma á framfæri.

Hvernig getum við gert FG að betri skóla?

Hækka einkunnarkröfu.

Fleiri myndir á vefsíðu helst ekki bara útskrifaða nemendur, INNU sem app.

Segja kennurum að sýna meiri skilning.

Komdu fram við aðra eins og þú vilt að það sé komið fram við þig.

Stækka buget fyrir nemendafélagið, þótt það kost 500 kr. meira að innrita sig. Vantar betra hljóðkerfi fyrir viðburði haldna hér í skólanum.

Fá alls konar fólk í atvinnulífi fyrir útskriftanemendur.

**Er eitthvað sem þið
viljið koma á framfæri
að lokum?**

*Nei alls ekki því við elskum besta skólann á ÖLLU
landinu.....OF COURSE!!!!*

Er eitthvað sem þið viljið koma á framfæri að lokum?

Nei, keep up the good work.

Mjólkurvél.

Hádegismatur má vera lengri þar sem oft þarf að bíða lengi í röð og enginn tími til þess að borða.

Hafa fisk á mánudögum, (þetta er geggjað ekki hætta við).

Hjálpa fólki meira sem er til dæmis 06 og er ennþá að endurtaka sömu áfanga. Fara að fjarvistum með meiri tillitssemi.

Væri mögulega sniðugt að hafa meiri hvata fyrir nemendur að fá góðar einkunnir og ganga vel í skóla t.d. mætti sleppa einhverjum verkefnum eða jafnvel prófum ef þér gengur vel í örðum verkefnum/prófum og láta þá þau gilda meira.

Nei alls ekki því við elskum besta skólann á ÖLLU landinu.....OF COURSE!!!!

Nei, we love you.

Þriggja anna kerfið er gott og námið þægilega erfitt.

FG er geggjaður skóli.